

L Ö G

um breyting á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur,
nr. 59/1954, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Skylt er að tryggja gegn eldsvoða hjá þeim, sem brunatryggingar annast samkv. 1. gr., allar húseignir utan Reykjavíkur, þar með talin öll útihús, hvort heldur eru gripahús, hlöður, geymslur eða annað, sem metið verður sem hús skv. 3. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald
í kaupstöðum og kauptúnum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú telur sveitarstjórn í kauptúni með færri en 1000 íbúa nauðsyn bera til að setja reglugerð um búfjárhald í kauptúninu og skal henni það þá heimilt með samþykki ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.